



Sigurður Pálsson

BERNSKUBÓK

Bernskubók

© Sigurður Pálsson 2011


Kápuhönnun: Hildur Zoëga

Ljósmyndir á kápu í eigu höfundar

Ljósmynd af höfundi: Jóhann Páll Valdimarsson

Umbrot: GÐ / Forlagið

Letur í meginmáli: Garamond 3 12/15 pt.

Prentun og bókband: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

1. prentun september 2011

2. prentun desember 2011


JPV útgáfa · Reykjavík · 2011

Printed in Iceland

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9935-11-218-7

JPV útgáfa er hluti af  Forlaginu ehf.
www.forlagid.is

HITABYLGJA

Í LOK JÚLÍ 1948 GEKK HITABYLGJA YFIR NORÐAUSTUR-land. Sól var á lofti mikinn hluta sólarhringsins enda ekki nema fimm vikur liðnar frá sumarsólstöðum og Axarfjörður norðarlega á hnettinum, heimskautsbaugurinn er þarna í næsta nágrenni, Melrakkasléttan snertir hann.

Þarna getur orðið hlýrra en nokkur gæti búist við, sem einblíndi á landakort og hnattstöðu, þegar hnjúkaþeyr af suðri leggst á eina sveif með sólskini næstum allan sólarhringinn. Einhver veðurvísindamaður hefur skýrt út fyrir mér fyrirbærið míkro-loftslag; fyrir tilverknad margra þátta geta veðurskilyrði á afmörkuðu svæði orðið hagstæðari en búast mætti við.

Axarfjörður er eitt af slíkum svæðum.

Föstudaginn þrítugasta júlí 1948 voru Ólympíuleikarnir settir í London, á Skinnastað fór hitinn upp í þrjátíu stig.

Áratugum saman hélt faðir minn dagbók eða nokkurs konar loggbók, færslur yfirleitt mjög stuttar og alltaf byrjað á veðrinu eins og hjá Þórbergi frænda.

Pennan 30. júlí skrifaði hann í dagbók sína:

Allgóður þurrkur út úr hádegi. Hirt á Hólunum og Sléttunni fyrir framan hús, sett upp á Sveinaflieti. Kom hér Þorkell Jóbannesson prófessor og frú og stönsuðu um skeið. Ljós móðir sótt út úr hádegi. Í kvöld eða nótt, 15 mín. fyrir 12 á miðnætti fæddist okkur drengur, 16 merkur að þyngd og efnilegur að sjá. Fæðing gekk heldur seint.

Hér er ágætis röð á hlutunum, fyrst er það vitanlega veðrið, svo bústörfin. Hin stöðuga endurtekning sem samt er aldrei eins, aldrei endurtekning. Síðan eru það gestakomur og loks er komið að því að greina frá uppákomum, hlutum sem gerast bara einu sinni, það gerir þá vissulega bæði merkilega og ómerkilega.

Í dagbókum föður míns sést að hann var afar stutturður og hafði ætíð ofangreinda röð á hlutunum, ég þarf ekkert að móðgast þótt ég hafi lent aftast í færslum dagsins.

Í tvígang kemur þarna fyrir orðatiltæki sem hlýtur að vera skaftfellskt, *út úr hádegi*.

Ljós móðirin sem sótt var „út úr hádegi“ var Friðbjörg í Sandfellshaga, kona Benedikts bónda þar, hún var þrautþjálfuð ljós móðir.

Svo er þarna minnst á þrjá skika af túninu, milli þeirra voru ósýnileg landamæri, það var alltaf heyjað skika fyrir skika, Hólarnir, Sléttan fyrir framan hús, Sveinaflötur, Fimmdagasláttur, Kirkjutungan og svo framvegis. Samtals einir fimmtán hlutar. Túnið var ein heild að sjá, ekkert benti til þess að þarna væru stranglega afmarkaðar heildir, grasið greiri yfir allt, jafnaði allt út, en þarna leyndust landamæri, ég kann þau utanað, enn þann dag í dag.

Ég myndi aldrei slá Skinnastaðartúnið nema fylgja þeim, skika fyrir skika.

Hitabylgjan hélt áfram daginn eftir. Systir mín segir að þá hafi hitinn farið upp í 32 stig. Kaupakonan lá í rúminu með sólsting. Sem þýðir að mikið mæddi væntanlega á Hönnu systur í heimilisstörfunum, aðstoða móður og barn, taka á móti prófessorum, hlúa að kaupakonunni, skjótast út í heyskapinn. Hún var orðin fimmtán ára, hefur alltaf haft ómælanlegt vinnuþrek.

Ég lá í vöggunni, hlýt að hafa kunnað vel við umhverfishitann, næstum enginn munur, skipt úr 37 í 32 stig. Þetta var bara mjög fínt.

Þrjátíu stiga hiti norður undir heimskauntsbaug, hingað til hafa flestir efast um sannleiksgildi frásagnar minnar, ég hef verið sakaður um ýkjur ef ekki hreinlega lygar.

En svo hafa menn tekið sér fyrir hendur að afsaka mig óumbeðið, sagt að þetta væri eðlilegt, ég væri skáld, þau ljúgi.

Ég held ekki.

Skáldskapur er að mínu viti ekki uppspuni, hvað þá lygar, skáldskapur er ofsafengin leit að sannleikanum.

Sannleika persóna, sannleika kringumstæðna, sannleika tungumálsins. Skáld sem standa undir nafni reyna alltaf að segja sannleikann en stundum trúir honum enginn.

Jafnvel ekki veðurfræðilegum staðreyndum. Sem mér þykir afleitt.

Menn verða að trúá veðrinu, fjandinn hafi það.

Því þótti mér lengi vel algjörlega óviðunandi að enginn tryði fæðingarveðri mínu. Nú er ég orðinn vanur því.

Svo gerðist það, að sextíu ár voru liðin frá fæðingu minni.

Þá gekk hitabylgja yfir gjörvallt landið og á afmælisdaginn voru hitamet slegin víða, meira að segja í Reykjavík sem er frekar ónæm fyrir hlýindum.

Og viti menn, á Skinnastað var 30 stiga hiti. Aftur!

Ekki þarf annað en leggja saman hitann á fæðingardegi og

afmælisdegi til þess að sjá húmorinn hjá almættinu, samtals gerir það sextíu eins og árin. Reyndar var líka þrjátíu stiga hiti í París þar sem ég var staddur.

Og þó, kannski var forsjónin einfaldlega að minna á að skáld reyna alltaf að finna sannleikann og segja hann.

HÚS BERNSKUNNAR

BARNIÐ HEFUR EKKI ENNÐÁ OPNAÐ AUGUN, ÞAÐ
finnur fyrir hlýjunni og birtunni utan við gluggann.
Hún seytlar gegnum gluggatjöldin, seytlar gegnum
augnlokin.

Höfug birta og hunangsbjört. Birta er það fyrsta sem barnið
skynjar í svefnrofunum.

Barnið ég.

Síðar, þegar barnið sá hunang og síróp vissi það hvaða til-
finning þetta var í birtunni. Hunang. Síróp. Þá var komin mynd
á tilfinninguna.

Á veggnum andspænis glugganum er birtuspil gegnum
gluggatjöld. Síbreytileg birtan sjónvarpaði viðstöðulausum
grúa mynda á vegginn.

Myndir og kenndir kvikna. Mynstur verða til, minna á blátt
skrautið á matardiskunum, umbreytast svo í svipþing gesta á
póstdögum, fólk að tala í síma, heimilisfólkið, slær saman við
ímyndanir úr bókum.

Ligg áfram, anda varlega, myndirnar á veggnum hafa breyst
í gróður og blóm, lambagras, þúfusteinbrjót, vetrarblóm...